

Reikningsskilaráð ríkisins

71. Fundur – 10. maí 2023 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson og Hrafnhildur Arnkelsdóttir.
- Fjarverandi: Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
- Guðmundur Björgvin Helgason og Hinrik Þór Harðarson frá Ríkisendurskoðun.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 70. fundar var samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2022, staða

Farið var yfir vinnu og tímamörk við gerð Ríkisreiknings fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að Ríkisreikningur liggja fyrir lok maí.

3. Frestun staðla 2022 og innleiðingaráætlun frestaðra staðla

Reikningsskilaráð tók fyrir sameiginlegt erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins dagsett 9. maí 2023 þar sem óskað er eftir að reikningsskilaráð ríkisins heimili frestun á innleiðingu 5 IPSAS-staðla við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2022. Er þar vísað til 52. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að reikningsskilaráð geti frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlunum, enda liggja til þess málefnalegar ástæður. Þeir staðlar sem hér um ræðir eru:

- IPSAS 13 um leigusamninga - sem verður IPSAS 43 - (Áætluð innleiðing í RR 2023)
- IPSAS 35 um samstæðureikningsskil - (A-B samstæða í RR 2022 og A-B-C samstæða í RR 2023)
- IPSAS 36 um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum – (RR 2024)
- IPSAS 37 um samrekstur (joint arrangement) – (RR 2024)
- IPSAS 38 um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum – (RR 2024)

Í bréfi til ráðsins eru ástæður erindisins rökstuddar og einnig sett fram áætlun um innleiðingu staðlanna á næstu árum. Er þar m.a. gert ráð fyrir að IPSAS 43 verði innleiddur á árinu 2023 (2 árum fyrir formlega gildistöku staðalsins) og að IPSAS 35 verði innleiddur í áföngum í ríkisreikningum 2022 og 2023.

4. Erindi til ráðsins og ákvarðanir.

- Reikningsskilaráð samþykkir að heimila frestun í ríkisreikningi 2022 á innleiðingu IPSAS staðla nr. 13, 35, 36, 37 og 38 sbr. tl. 3 hér að framan. Um leið leggur ráðið áherslu á að í skýringum við reikninginn verði gerð ítarleg grein fyrir þessum frestunum og áhrifum þeirra.
- Farið var yfir erindi um meðhöndlun skuldbindinga vegna langtímasamninga um framlög til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA og til samstarfsáætlana ESB. Málið þarfnast frekari skoðunar með tilliti til innhalds hvers samnings og áhrif staðla bæði hvað varðar reikningshaldsleg sjónarmið og út frá þjóðhagsreikningum. Í þessu tilliti er mikilvægt að gætt sé samræmis við framsetningu annarra þjóða á slíkum samningum.

5. Önnur mál.

- Bundið eigið fé. Verið er að skoða í fjármála- og efnahagsráðuneytinu útfærslu á því hvernig unnt er að afmá það úr ársreikningum viðkomandi ríkisaðila á árinu 2023.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 7.júní kl. 09:00 í nýjum húsakynnum Fjárslunnar.